

tók rétturinn þá málið undir dóm. Með endurupptökustefnu, dags. 5. febr. og birtri kl. 3¼ síðdegis s. d., krefst aðalstefnandi, að málið verði tekið upp af nýju »eins og engin frestun hefði átt sér stað, og á löglegan hátt verið í málinu mætt, bæði í aðalsök og gagnsök«. Var málið síðan tekið fyrir næsta dag á venjulegum þingtíma, og fékk aðalstefnandi þá frest í málinu til andsvara og heldur hann þá því fram, að eftir úti-vist aðalstefnda sé um enga gagnsök í málinu að ræða, því að hann hafi »skort alla heimild til að taka gagnsøkina upp að nýju«.

Eins og tilvitnað niðurlag endurupptökustefnunnar ber með sér, hefir það verið ætlun aðalstefnda að fá gagnsökinni með þessari stefnu komið fyrir réttinn aftur, enda greiddi hann dómþökugjald fyrir hana. En af hans hálfu gat gagnsökin, sem var fallin niður með úti-vist hans ekki orðið tekin upp með heimild í 9. gr. tilsk. 1832. Til þess að fá kröfur hinnar fyrri gagnsakar fyrir réttinn aftur, varð aðalstefndi að höfða gagn-sök af nýju og birta þá stefnu með lögmætum fyrirvara. En þetta hefir aðalstefndi ekki gjört og er því að áliti réttarins ekki um neina gagnsök í málinu nú að ræða, og eigi heldur um neinn málskostnað vegna gagnsakar þeirrar, er fyr var í málinu og niður féll.

Miðvikudaginn 2. okt. 1929.

Nr. 61/1928.

Valdstjórnin (Pétur Magnússon)

gegn

Charles Lemesle (Lárus Fjeldsted).

Sýknaður af kæru fyrir botnvörpuveiðabrot.

Dómur lögregluréttar Vestmannaeyja 21. apríl 1928: Kærði, Charles Lemesle, á að greiða innan fjöggra vikna sekt, að upphæð kr. 12500.00, til Landhelgisjóðs Íslands, en afplána hana með sjö mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í togaranum »La Provence«, H. 1406 frá Le Havre vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Dómsgjörðunum fylgdi ekki sjóbréf það, sem ætla má, að varðskipsforinginn hafi markað á atluganir sínar um afstöðu varðskipsins og skips kærða, og ekki verður séð hvar varðskipið hafi verið statt kl. 7,20, þegar skip kærða á að hafa snúið frá landi til hafs, og þá heldur ekki afstaða skipanna þá, hvors til annars, enda var fyrsta staðarákvörðun varðskipsins, eftir að skip kærða hafði beygt frá landi, gjörð kl. 7,27. Vegna þessa og ekki síður hins, að það verður hvorki tvímælalaust séð af þar að lútandi ummælum varðskipsforingjans í kæruskjali hans til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, né í réttarframburði hans og 2. stýrimanns hans, að skip kærða hafi haldið nákvæmlega sömu stefnu beint frá landi allan tímann frá kl. 7,20 til 7,40, þá verður nefndu skipi ekki með fullri vissu, gegn neitun kærða, þennan tíma gjörður tilsvarendi hraði þeim hraða, sem varðskipinu mældist, að það hefði haft frá kl. 7,40 til 7,50. Verður því að leggja til grundvallar, að skip kærða hafi margnefndan tíma farið 2 sm., miðað við klukkustund, svo sem kærði og báðir vélstjórar hans hafa haldið fram.

Ætti skip kærða eftir þessu að hafa verið statt aðeins 0,25 sm. innan landhelgi kl. 7,20, er það beygði út frá landi, eftir skýrslu varðskipsforingjans. En þar sem svo litlu munar og ekki er hægt með nokkrum líkindum að ætlast á um það, hve miklu afbrigði skipsins frá beinni stefnu til hafs kunni að hafa numið, þá þykir að svo vöxnu máli ekki verða hjá því komizt að sýkna kærða af kröfum valdstjórnarinnar í málinu, og verður þá jafnframt að leggja allan kostnað sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti á almannafé, þar

með talin laun sóknara og verjanda hér í rétti, sem ákveðin eru 100 kr., hvor í sinu lagi.

Það athugast, að misritazt hefir í lögregluréttar-dóminum: »kl. 7,40«, í stað: kl. 7,20, er skip kærða er talið hafa snúið frá landi og ennfremur nokkru síðar: »miklu fyr«, í stað: miklu síðar.

Dráttur sá, er orðið hefir á málinu hér í rétti, hefir verið nægilega réttlættur.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Charles Lemesle, á að vera sýkn af kæru valdstjórnarinnar í máli þessu og á upptekt afla og veiðarfæra í skipi hans »La Provence«, H. 1406 frá Le Havre, að falla niður.

Allur kostnaður sakarinnar, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda hér í rétti, málflutningsmannanna, Péturs Magnússonar og Lárusar Fjeldsted, 100 kr. hvorum, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Eins og skýrsla frá skipherranum á varðskipinu »Óðni«, sem lögð hefir verið fram í máli þessu, ber með sér, var kærði í máli þessu, Charles Lemesle, kl. 7,40 síðdegis á fimmtudaginn var, staddur á skipi sínu, togaranum »La Provence«, H. 1406 frá Le Havre, 0,4 úr sjómilu utan landhelgislinunnar út af Vik í Mýrdal. Var togarinn með stjórnborðsvörpu í sjó þegar varðskipið kom þá að honum, og er viðurkennt af kærða að hafa verið að toga nokkurn tíma þar áður.

Samkvæmt sömu skýrslu og samkvæmt vitnisburðum skipherrans og 2. stýrimanns á »Óðni« fyrir réttinum, sást togarinn kl. 7,15, eða 25 mínútum áður, stýra austlæga stefnu með

fram ströndinni og kemur þetta heim við staðhæfingar kærða. En kl. 7,20 bera sömu skipsmenn »Óðins«, að skip kærða hafi verið búið að beygja út á við og haldið síðan beint út frá landi í þessar 20 mínútur, áður en staðarákvörðun var tekin kl. 7,40. Samkvæmt þessu hefir skip kærða verið 0,25 úr sjómilu innan landhelgislinunnar, þegar það sneri út kl. 7,40, sé miðað við, að það fari venjulega aðeins 2 sjómilur á klukkustund, eins og hinn kærði skipstjóri og vitni af skipi hans bera. En hafi það farið 3,9 úr sjómilu, þannig á klukkustund, eins og mælingar varðskipsins í áður nefndri skýrslu bera með sér, hefir það verið 0,9 úr sjómilu fyrir innan landhelgislinuna kl. 7,20. Í báðum þessum tilfellum þykir sýnt, að kærði hafi togað á landhelgissvæðinu og gegn þessu getur ekki komið til álíta, að kærði heldur fram og vitni af skipshöfn hans bera með honum að hafa beygt út frá landi miklu fyrir en vitnin af »Óðni« bera, því að vitnin á »Óðni« athuguðu sérstaklega tímann með hliðsjón af úri, er þeir litu á, en tímaákvarðanir þeirra á »Le Provence« eru ágizkanir, sem vitnalega ávallt eru fremur óábyggilegar, þegar um tíma er að ræða.

Samkvæmt þessu verður að álíta, að kærði hafi gjört sig brotlegan gegn 1. gr. laga nr. 5, 18. maí 1920, og með því að hér er um fyrsta brot hans á þessum lögum að ræða og með hliðsjón af, að dagsgengi krónunnar er kr. 0,8219 úr gullkrónu, þykir refsing hans hæfilega ákveðin sekt, að upphæð kr. 12500,00, sem greiðist innan fjöggra vikna og rennur í Landhelgisjóð Íslands, en afplánist með 7 mánaða einföldu fangelsi fáist hún ekki greidd. Auk þess skulu öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs í áður nefndum togara vera upptækt og andvirðið renna í sama sjóð. Ennfremur greiði kærði allan kostnað málsins, sem orðinn er og verður.

Miðvikudaginn 9. okt. 1929,

Nr. 94/1928. **Valdstjórnin** (Stefán Jóh. Stefánsson)
gegn

Þorvaldi Pálssyni (Pétur Magnússon).

Lyfseðlar á áfengi gefnir út á ólöglegan hátt.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 27. okt. 1928: